



Laun hafa hækkað mikið og launajöfnun virðist hafa átt sér stað

8,5% kaupmáttaraukning á einu ári

Launa- og kaupmáttarþróun hefur verið óvenju hagstæð á síðustu misserum. Á síðustu 12 mánuðum hafa regluleg laun landsmanna hækkað um 10,5%, sem gaf að meðaltali 8,5% kaupmáttaraukningu.

Kaupmáttur launa er nú hærri en hann hefur verið nokkurn tíma áður. Kaupmáttur launavísitölu varð hæstur í ágúst 2007, náði svo aftur sama stigi í nóvember 2014 og hefur aukist um 13,9% síðan þá. Launahækkunir hafa verið miklar síðustu mánuði og fór 12 mánaða launahækkunartaktur upp í 13,4% í apríl í ár.

Laun á almenna markaðnum hafa hækkað meira en á þeim opinbera...

Regluleg laun voru að meðaltali 2,8% hærri á öðrum ársfjórðungi 2016 en á fjórðungnum á undan og jókst kaupmátturinn um 1,8% á þessu tímabili. Árshækkun allra frá öðrum ársfjórðungi 2015 var 13% sem gaf 11,2% kaupmáttaraukningu. Hækkunin var 13,5% á almennum vinnumarkaði og 12,7% hjá opinberum starfsmönnum. Þar af hækkuðu laun ríkisstarfsmanna um 13,7% og laun starfsmanna sveitarfélaga um 11,5%.


... en í langtímasamhengi eru allir á vinnumarkaði á svipuðum slóðum

Sé litið á þróun þessara hópa til aðeins lengri tíma má sjá að frá upphafi ársins 2011 hafa þeir þróast með mjög svipuðum hætti, eða í fimm og hálf ár. Þannig munar einungis 0,4% á launahækkunum almenna markaðarins og hins opinbera á þessu tímabili. Munur hefur myndast á milli hópanna á ákveðnum tímabilum, en hann jafnast yfirleitt fljótlega aftur.

Verkfólk hækkar hlutfallslega mest í launum en sérfræðingar minnst


Sé litið á launahækkunir starfsstétta milli annars ársfjórðungs 2015 og 2016 sést að munurinn á milli þeirra er töluverður. Verkfólk hefur hækkað mest

Launaþróun og kaupmáttur




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

12 mánaða hækkunartaktur launa



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Launahækkunir hópa á 2. ársfj. 2016



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



og sérfræðingar og stjórnendur minnst. Hækkun verkafólks er tæpum 5 prósentum meiri en hjá stjórnendum. Tölurnar gætu þannig verið vísbending um að markmið síðustu kjarasamninga um leiðréttingu fyrir þá lægst launuðu hafi náðst að einhverju leyti.

Bygginga- og mannvirkjageirinn sker sig úr

Mælingar fyrir atvinnugreinar byggja á öllum starfsmönnum innan viðkomandi greinar, þannig að sérhver atvinnugrein inniheldur margs konar starfsstéttir.

Sé litið á þróunina frá 2. ársfjórðungi 2015 hafa laun hækkað mest í byggingageiranum, eða um 16,7%, enda mikil aukning í starfsemi. Næstmesta hækkun milli ára var í verslun og viðgerðarþjónustu, 14,7% og þvínæst í iðnaði.

Hækkun launa frá síðasta ársfjórðungi var líka mest í byggingageiranum eða 4,3% og næstmest í fjármálaþjónustu 3,7%.

Hefur náðst árangur í launajöfnun?


Þessar tölur gefa góða mynd af því hvernig launin hafa breyst innan hópa á vinnumarkaði, starfstétta og atvinnugreina. Þetta eru því staðreyndir um meðalþróun innan þessara hópa.

Tölurnar benda til þess að markmið kjarasamninganna á almenna markaðnum um meiri hækkun launa til þeirra lægst launuðu hafi náðst. Þar að auki er kaupmáttarþróunin einstaklega hagstæð, 8,5% kaupmáttaraukning á einu ári er mikil hækkun í sögulegu samhengi.


Laun virðast hækka mest í byggingastarfsemi sem kemur heim og saman við skort á vinnuafli í greininni. Kannski mætti ætla að mikill innflutningur vinnuaflds myndi halda aftur af launahækkunum í greininni en svo virðist ekki vera.

Launapróun hópa á vinnumarkaði


Vísitala, janúar 2011= 100



Launahækkun starfstétta á 2. ársfj. 2016



Launabreyting í atvinnugreinum á 2. ársfj. 2016





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.